

Jón Kristjánsson  
Skipasundi 90  
Reykjavík

Þórir Dan Jónsson  
Ásgarði 39  
Reykjavík

Reykjavík 1/8 1990

## Vatnasvæði Fáskrúðs og Laxár í Dölum

### Rannsóknir 1990

#### -Skýrsla-

Farnar voru tvær rannsóknarferðir sumarið 1989, 14-17 júní, og 10-12 júlí. Vöxtur og viðgangur laxaseiða var kannaður á báðum vatnasvæðunum, bæði á fiskgengum og ófiskgengum hlutum. Einnig var Sámsstaðavatn athugað. Skilyrði til veiða voru góð, nokkuð hlýtt og fremur lítið vatn.

#### Niðurstöður

Lengdardreifing allra veiddra seiða er birt á myndum 1-4 bls 7-10, og ljósmyndir eru af seiðunum á bls. 11-14. Niðurstöður aldursgreininga eru í Viðauka I bls. 15-21. Aldur seiðanna var ákvarðaður af kvörnum þeirra. Auk þess að lesa aldurinn, var fjarlægð einstakra áhringja frá miðju mæld svo reikna mætti út vöxt seiðanna aftur í tímann svipað og venjulega er gert út frá hreistri á urriða t.d. Við mælinguna var notaður lengsti ás kvarnarinnar og reiknað var með línulegu sambandi með miðju í 0.0.

#### 1) Vatnasvæði Fáskrúðs.

Aðlunin var að setja niður gildru neást í þverá í fyrstu ferðinni til þess að sjá hvort seiði væru að ganga niður úr ánni. Það var ekki hægt vegna þess að von var á Vegagerðinni til að laga ræsið sem skolest hafði í burtu um veturinn. Gildra var sett niður 10 júlí og höfð þar til reynslu í tvo sólahringa. Engin seiði veiddust í gildruna, enda orðið nokkuð seint á tíma og vatnsrennsli í ánni í lágmarki. Mjög lítið vatn var í öllum ám á vatnasvæðinu um miðjan júlí enda hafði ekki ringt vikum saman. Hést þessi þurrkur langt fram á sumar.

#### Fáskrúð, fiskgengur hluti

Veitt var á tveimur stöðum 11 júlí, rétt ofan við brú við ós og ofarlega á fiskgenga svæðinu milli veiðistaða 32 og 33. Veiðar hófust um 10.00 og stóðu fram á milli 11.00 og 12.00. Veiðir hófust um 10.00 og stóðu fram á milli 11.00 og 12.00.

Þetta ástand gæti hafa valdið því að stærri og þurftarmeiri seiði hafi týnt tölunni sl. vetur og það skýri hve lítið fékkst af stórum seiðum. Hafi svo verið, hefur það getað komið niður á gönguseiðaframleiðslu fiskgenga hlutans ársins í ár.

Tafla 1. Lengd laxaseiða á fiskgengum hluta Fáskrúðs 1988-1990

|                   | 1988<br>vor(12/6) |         | 1989<br>haust(19/9) |         | 1990<br>vor(11/7) |         |
|-------------------|-------------------|---------|---------------------|---------|-------------------|---------|
| Aldur í<br>vetrum | Fjöldi            | Meðall. | Fjöldi              | Meðall. | Fjöldi            | Meðall. |
| 0+                |                   |         | 2                   | 3.0     |                   |         |
| 1+                | 4                 | 3.7     | 7                   | 4.6     | 4                 | 3.8     |
| 2+                | 7                 | 6.0     | 11                  | 6.8     | 16                | 5.4     |
| 3+                | 5                 | 8.1     |                     |         | 12                | 7.5     |

#### Fáskrúð, ófiskgengur hluti

Árið 1988 var sleppt 12000 seiðum í Fáskrúð frá Kötlum að Lambeyrum. Mjög lítið fannst af seiðum við leit sumarið 1989 og þótti því ekki ráðlegt að sleppa meiru af seiðum þar að sinni. Í tilraunaskini var þó nokkur hundruð seiðum sleppt í Lambeyrarkvísl. Nú var þetta svæði skoðað 11 júlí við hin ákjósanlegustu skilyrði, í litlu vatni og hlýju veðri.

Í Lambeyrarkvísl fundust tvö seiði úr sleppingu sumarið áður. Þau voru 6.8 og 8.0 sm að lengd í þokkalegum holdum. Ekki er mikið af seiðum þarna því leitað var á allstóru svæði. Svo virðist sem illa gangi að fá seiðin til að lifa af sleppinguna en ef þeim tekst það virðist þeim vegna þokkalega. Veitt var með 600 V spennu við 350 mA straum.

Næst var leitað að seiðum um 1 km neðan við vaðið við Lambeyrar. Þar fannst mikið af tveggja vetra seiðum sem voru 8.5 sm löng að meðaltali og í góðum holdum.

Um 2.2 km neðar var einnig veitt og fannst mikið af laxaseiðum af þessari sömu stærð. Þeim var öllum sleppt í ána aftur. Þetta sýnir að seiðin úr sleppingunni 1988 hafa lifað að stórum hluta og þrífist vel þó þau hefðu ekki fundist við seiðaathuganir í fyrra. Ástæða þess að þau fundust ekki þá er sú að þá voru skilyrði verri, meira og kaldara vatn, og seiðin voru smærri en smá seiði veiðast ver en stór, sérstaklega ef leiðni vatnsins er lítil eins og hún er svona ofarlega í Fáskrúð. Þessi seiði eru orðin

## **Þverá**

Veitt var með rafmagni í fjörunni á Miðvatni. Tvö laxaseiði fundust, 6.8 og 8.0 sm löng og voru þau úr sleppingu sumarið áður. Stærri seiði veiðast illa í kyrru vatni og eins geta þau verið búin að yfirgefa fjöruna, en almennt er lítið vitað um hvort og þá hvenær laxaseiði yfirgefa fjörusvæðið í vötnum og fara út á dýpið.

Veitt var í Þverá frá ósi Miðvatns og niður eftir. Engin laxaseiði fundust fyrr en komið var að þeim stað þar sem þeim var sleppt en þar var nóg af þeim. Møg lítið vatn var í Þverá þegar veitt var þar 11. júlí. Mest var af árs gömlum seiðum og var meðalleng þeirra 7.6 sm, sú sama og hjá þriggja ára seiðum á fiskgenga hlutanum í Fáskrúð. Eitt tveggja ára seiði var drepit og var það 12.6 sm langt.

Veitt var á svæði fyrir neðan Neðstavatn, efst á því svæði sem sleppt var á. Þarna fannst mikið magn af seiðum, aðallega eins árs frá sleppingu í fyrra en einnig mikið af tveggja ára seiðum. Mátti heita að seiði væru við hvern stein, en hafa þer í huga að áin var mjög vatnslítill. Seiðin voru í ágætum holdum. Mestu af seiðunum sem veiddust var sleppt aftur, einungis örfá seiði voru drepin í rannsóknaskyni. Eins árs seiðin voru 7.7 sm að meðaltali og tveggja ára seiðin voru 10-12 sm að lengd. Líklegt er að eitthvað hafi gengið niður af þessum seiðum í vor. Slepping á þetta svæði hefur heppnast mjög vel, maður hefur á tilfinningunni að nánast hvert einasta seiði hafi lifað.

Neðst í Þverá fundust seiði eins og tveggja ára en í miklu minna magni en ofar í ánni. Við vorum um þremur vikum fyrr á ferðinni þarna en annars staðar í ánni svo niðurstöður eru ekki alveg sambærilegar.

Um ófiskgenga hluta Fáskrúðs má segja þetta:

Sleppingar hafa tekist mjög vel og mikill fjöldi seiða er í uppeldi á öllu svæðinu. Vöxtur og holdafar seiðanna er alls staðar með ágætum. Fyrstu seiðin úr skipulögðum sleppingum hafa gengið til sjávar sl. vor en ganga til sjávar eykst verulega næsta sumar. Fyrstu seiðin ættu að byrja að skila sér í veiði næsta sumar og sumarið 1992 ætti að fást úr því skorið hvort þessi ræktunaraðferð skilar árangri.

## **2) Vatnasvæði Laxár**

Veitt var í Laxá á sömu stöðum og áður, við brú á Þjóðavegi og neðan við Sólheimafoss. Minna virtist af seiðum á báðum þessum stöðum en undanfarin ár, sérstaklega við Sólheimafoss. Ekki er að marka þegar borinn er saman

var kalt. Seiðin hafa vaxið illa, enda áin þéttsetin seiðum um vorið, og verið getur að mörg þeirra hafi ekki lifað af veturinn, sérstaklega stærri seiðin sem eru þurftarmeiri. Hér á við það sama og áður hefur verið sagt um Fáskrúð.

Tafla 2. Lengd laxaseiða á fiskgengum hluta Laxár 1988-1990.

Við brú á Þjóðavegi.

|                   | 1988<br>vor(12/6) |               | 1989<br>vor(7/7) |               | 1989<br><u>haust(19/9)</u> |               | 1990<br>vor(16/6) |               |
|-------------------|-------------------|---------------|------------------|---------------|----------------------------|---------------|-------------------|---------------|
| Aldur í<br>vetrum | Fj.               | Meðall.<br>sm | Fj.              | Meðall.<br>sm | Fj.                        | Meðall.<br>sm | Fj.               | Meðall.<br>sm |
| 0+                |                   |               |                  |               | 8                          | 3.3           |                   |               |
| 1+                | 7                 | 4.3           | 19               | 4.3           | 12                         | 5.4           | 9                 | 4.1           |
| 2+                | 16                | 6.0           | 21               | 6.8           | 6                          | 7.8           | 17                | 6.1           |
| 3+                | 2                 | 8.1           | 5                | 8.9           | 4                          | 9.2           | 4                 | 8.1           |

Fyrir neðan Sólheimafoss.

|                   | 1988<br>vor(12/6) |               | 1989<br>vor(7/7) |               | 1989 Helgabakki<br><u>haust(19/9)</u> |               | 1990<br>vor(16/6) |               |
|-------------------|-------------------|---------------|------------------|---------------|---------------------------------------|---------------|-------------------|---------------|
| Aldur í<br>vetrum | Fj.               | Meðall.<br>sm | Fj.              | Meðall.<br>sm | Fj.                                   | Meðall.<br>sm | Fj.               | Meðall.<br>sm |
| 0+                |                   |               |                  |               | 8                                     | 3.3           |                   |               |
| 1+                | 1                 | 4.5           | 5                | 4.3           | 8                                     | 5.4           |                   |               |
| 2+                | 21                | 5.9           | 10               | 6.1           | 10                                    | 7.8           | 6                 | 5.7           |
| 3+                | 23                | 8.8           | 23               | 8.3           | 3                                     | 9.2           | 9                 | 7.8           |
| 4+                | 7                 | 9.8           | 4                | 11.4          | 4                                     | 10.2          | 5                 | 10.4          |

## Hólmavatnsá

Meiningin var að fara í Hólmavatnsá upp við Hólmavatn, en við guggnuðum á því í þetta skipti vegna þess hve langt var þangað. Við fórum í ána rétt ofan við ósa Laxár, á mótis við raflínuna, en þar hafði verið sleppt seiðum í fyrra. Þar veiddust seið sem voru aðallega tveggja og þriggja ára með sama vöxt og fannst í Laxá. Verður því að álíta að um náttúruleg seiði sé að ræða og að ekki sé þörf á að sleppa seiðum í ána svona neðarlega.

Kollugil

## Ófiskgengur hluti

### Láxá frá Laxárvatni að Skeggjagili

Sama má segja um þetta svæði og sl. haust. Fremur lítið veiddist af tveggja ára seiðum. Þau voru misjöfn að stærð, frá 6.6-10.0 sm. Meðallengdin var 8.2 sm, en hún var 5.4 fyrir ári og 7.2 sm 19. september í fyrra. Engin seiði voru sett á þetta svæði í fyrra.

### Skeggjagil

Veitt var í Skeggjagili skammt fyrir ofan veg og fundust þar fimm seiði eins og tveggja ára gömul. Eins árs seiðin voru 5.4 sm löng en tveggja ára seiðin 9.6 sm að meðaltali. Þetta er mjög góður vöxtur og mætti sleppa í án ívið meira magni en gert hefur verið til þessa.

Farið var í Skeggjagil inn á heiði, við Hvítfoss og leitað að seiðum. Ekkert fannst þarna nema nokkrir urriðar. Ekki hafa verið sett laxaseiði þarna innfrá, en áin er þar mjög falleg og botninn grófur og vænlegur fyrir laxaseiði. Sennilega er áin svipuð langt inn á fjall. Okkur sýnist að þetta svæði sé eitt það besta á vatnasvæðinu til uppfóstrunar laxaseiða, sérstaklega þegar hinn góði seiðavöxtur niður við veg er hafður í huga.

Á þetta svæði væri hæfilegt að setja út eitt seiði á skref frá hvorum bakka.

### Sámsstaðá

Veitt var í ánni í gljúfrinu beint austan við Sámsstaðavatn. Einungis veiddust fjögur seiði. Þrjú voru frá sleppingu í fyrra og meðallengd þeirra var 6.6 sm, eitt var frá í hetteðfyrra, 9.6 sm að lengd. Það vekur nokkra furðu hve lítið finnst af seiðum í Sámsstaðá því ekki er annað að sjá en að hún hafi hin ágætustu skilyrði og þau fáu seiði sem fundist hafa vaxa ágætlega. Þetta kallar á að áin verði skoðuð betur eftir sleppinguna í sumar, annað hvort seint í haust eða næsta sumar, og yrði þá einnig að leita að seiðum lengra uppfrá.

### Sámsstaðavatn

Vatnið er allt grunnt, varla meira en einn og hálfur metri. Botngróður var ekki mikill þar sem við vorum við vatnið og botninn var mjög gljúpur. Mjótt malar- og grjótbelti er með fjörum. Lítil lækur rennur úr vatninu. Við veiddum með rafmagni í læknum nokkur hundruð metrum neðan við ósinn en fengum aðeins einn urriðastubb.

Lögð voru þrjú net í vatnið 15-16 júlí. Netin varu lögð út frá suðurbakkanum skammt frá ósnum á svipuðum stað og í

urriðarnir voru að éta hornsíli.

Bleikjurnar voru 3-6 vetra gamlar og í töflu 3, má sjá meðallengd eftir aldri. Þess má geta að jafngamlir fiskar voru mjög misstórir.

Tafla 3. Aldur og vöxtur bleikju úr Sámsstaðavatni 16/6 1990.

| Aldur<br>í vetrum | Fjöldi fiska | Meðallengd<br>sm | Spönn<br>sm |
|-------------------|--------------|------------------|-------------|
| 3+                | 1            | 19.5             |             |
| 4+                | 5            | 25.0             | 19-28       |
| 5+                | 2            | 28.5             | 25-31       |
| 6+                | 3            | 30.0             | 27-34       |

Bleikjurnar höfðu aðallega verið að éta hornsíli og hornsílahrogn. Næst algengastu fæðutegundir voru vatnabobbi, vorflugulirfur, efjuskel og rykmýspúpur, í þessari röð.

Í Sámsstaðavatni er sambóli urriða bleikju og hornsílis, vatnið er grunnt og býður upp á ákjósanleg skilyrði fyrir hornsíli. Jafnframt eru hrygningarstöðvar urriða lélegar. Flestir fiskanna, bæði bleikja og urriði eru að éta hornsíli. Ekki virðist mjög mikið af silungi í vatninu.

Svona vötn verður að nýta með gát. Hættan er sú að ef mikið er veitt af silungi styrkist staða hornsílisins, því fjölgar en silungi fækkar. Sérstaklega er varhugavert að veiða með grófum möskva og fjarlægja með því stærstu fiskana, þá sem eru duglegastir að éta hornsílin. Stærsti möskvi sem nota ætti í vatninu eru 32 mm á legg. Sennilega er heppilegt að nota 29 og 32 mm jöfnum höndum og sjá til hvað gerist.